



# SNÆFELLINGUR

## Fréttabréf

Áb. m.: Gunnar Kristjánsson

Júlí 2007

## FRÁ FORMANNI

Í öllu félagsstarfi skiptast á skin og skúrir, og starfið á sínar hæðir og lægðir svo notað sé líkindamál sem tengist veðurfarinu. Á vordögum gaf ég undirritaður kost á mér til formennsku í Hestamannafélaginu Snæfellingi til tveggja ára. Það er von mín að ég geti lagt mitt að mörkum við eflingu starfsins innan Snæfellinga en starfið verður ekki eftt nema með jákvæðri þátttöku hins almenna félagsmanns. Snæfellingur hefur nú verið starfandi frá því í desember 1963 er félagið var stofnað að Vegamótum eða bráðum í 44 ár. Á þessum tíma hefur á öllum sviðum gengið yfir einhvert mesta framfaraskiði í sögu þjóðarinnar. Hestaeign almennings hefur stórauðist og framfarir í ræktun og kynbótum verið gífurlegar. Kröfur til aðstöðu fyrir sýningar og mótahalds hafa aukist og umgjörð öll umhverfis hestamenskuna orðið veglegri. Á Snæfellsnesi eru starfandi hest-eigendafélög á þéttbýlisstöðunum sem byggt hafa upp sína keppnisaðstöðu utanhúss og víða einkum til sveita hafa risið reiðskemmur til tamninga og innvinnu í rýsjóttu tíðarfari. Senn mun rísa vegleg reiðhöll í Grundarfirði sem Snæfellingur verður eignaraðili að en nánar um það á öðrum stað í fréttabréfinu. Það má því segja að grunnur að öflugum og góðu félagsstarfi innan vébanda Snæfellinga sé fyrir hendi og því undir félagsmönnum sjálfum komið hvernig framvinda mála verði næstu árin.

Gunnar Kristjánsson

## HÓLSLAND

Undirritaður hefur verið leigusamningur við Landbúnaðarráðuneytið til 10 ára um afnot Hólslands, um er að ræða allt Hólslandið en af því er nýtanlegt um 85 hektarar sem er um 30 hekturum stærra svæði en í fyrri samningi. Horfir stjórn til þess að hugsanlega verði hægt að girða af tvö til þrjú graðhestahólf sem yrðu í notkun samtímis. Í Hólslandi er nú á fyrra tímabili Hágangur frá Narfastöðum sem er með 8,31 í meðaleinkunn. Hrymur frá Hofi sem bókaður var á síðara tímabil er þegar mættur og laus pláss undir hann fyrir hryssur með folaldi. Hrymur er með 8.20 í aðaleinkunn. Nánar um graðhestana bókanir og starfsem hrossaræktarsambands Vesturlands á <http://hrossvest.is> fulltrúi Snæfellinga í stjórn sambandsins er Gísli Guðmundsson Hömluholti.

## STJÓRN SNÆFELLINGS SKIPA

Gunnar Kristjánsson Grundarfirði form.  
Gunnar Tryggvason Brimilsvöllum gjaldkeri,  
Sigríður Sóldal Hólum, ritari og meðstjórn-  
endur eru Gunnar Sturluson Hrísdal og  
Kristján Magni Oddsson Grundarfirði.  
Varamenn Marteinn Njálsson Suður-Bár og  
Reynir Axelsson Hellissandi.

# KALDÁRMELAR

Mótssvæði Snæfellinga er að Kaldármelum og hefur verið það frá fyrstu árum félagsins, reyndar var upphaflega hugmyndin að hafa mótssvæðið í Hólslandi en fljótlega var hætt við það og svæðið að Kaldármelum gert að mótssvæði. Samningur til 25 ára um leigu á ca 39 ha. landsspildu úr landi Hraunsmúla í Kolbeinsstaðahreppi var síðan gerður við Landbúnaðarráðuneytið 30. júlí 1986. Landbúnaðarráðuneytið hefur nú óskað eftir því að gera nýjan samning til 10 ára með möguleika á framlengingu, vegna sölu á jörðinni. Stjórn Snæfellinga hefur samþykkt að verða við þeirri beiðni. Sá samningur verður kynntur þegar hann hefur verið undirritaður. Til að renna stoðum undir

rekstur Kaldármelasvæðisins hefur verið leitað eftir styrktaraðilum og hafa þegar verið gerðir styrktarsamningar við eftirtalda þrjá aðila sem hver um sig um styrkja reksturinn um 150.000 kr. á ári í þrjú ár frá og með árinu 2007.

Hrísdalshestar sf

Miðhraun ehf

Söðulsholt ehf.

Fleiri styrktarsamningar eru í farvatninu en styrkir þessara aðila sem hér með er þakkað fyrir, verða vonandi öðrum hvatning til að leggja sitt að mörkum við uppbyggingu öflugs félagsstarfs hestamanna.

## MÓTAHALD

Snæfellingur stendur fyrir tveimur mótum hestamanna á þessu ári Íþróttamóti og Gæðinga-keppni. Íþróttamót félagsins var haldið á Hellis-sandi þann 10. júní sl. í frábæru veðri. Heimamenn í Geisla sáu um framkvæmd mótsins og fórst það vel úr hendi. Um 25 skráningar voru á mótinu og margir góðir gæðingar á ferð. Á Íslandsmót, unglunga og ungmenna barna í Kópavogi 21. - 24. júní voru 2 keppendur þau Guðný Margrét Siguroddsdóttir á Mosa frá Kílhrauni í barnaflokki og Guðmundur Margeir Skúlason á Skútu frá Hallkelsstaðahlíð stóðu þau sig vel lentu bæði í B úrslitum. Á Bikarmóti Vesturlands í Borgarnesi kepptu 9 félagsmenn Snæfellinga og var mótið nú með þeim hætti að fjöldi skráninga frá hverju félagi var ótakmarkaður en stig gefin fyrir 4 efstu sætin í hverri grein. Snæfellingur lenti í 2. sæti í stigakeppni mótsins eftir harða keppni við Faxe. Framundan er félagsmót Snæfellinga á Kaldármelum. Mótið verður opin gæðinga - og töltkeppni og 100 m. skeið og fer fram dagana 21. - 22. júlí. Skráningargjald er 1000 kr á hverja skráningu en 500 kr. fyrir börn 13 ára og yngri. Skráningu þarf að vera lokið fyrir miðnætti miðvikudaginn 18. júlí.

Við skráningu tekur Gunnar Kristjánsson á netfangið hrannarb@simnet.is gsm: 8980325, gefa þarf upp kennitölu knapa og IS númer á hesti. Skráningargjald greiðist inn á reikning Snæfellinga 0191-26- 876 kt. 440992-2189. Kaupþing Banki mun gefa verðlaun á mótið.

Mótanefnd Snæfellinga skipa: Jón Bjarni Þorvarðarson Bergi formaður, Illugi Pálsson, Grundarfirði, Siguroddur Pétursson Eiðhúsum, Elvar Þór Alfreðsson og Halldór Sigurkarlsson Söðulsholti.



# ÆSKULÝÐSMÁL

Nýskipuð æskulýðsnefnd innan Snæfellinga er staðráðin í því að efla barna- og unglingsstarf félagsins. Hennar fyrsta verk var að boða yngri félaga saman eina kvöldstund að Bergi við Grundarfjörð þar sem farið var í gönguferð og leiki og síðan boðið upp á grillaðar pylsur og meðlæti í boði N1 og Landsbankans. Um 20 krakkar voru mættir og skemmtu sér hið besta. Ýmislegt er á döfinni hjá æskulýðsnefndinni sem kynnt verður nánar síðar en næsta uppkoma er fyrirhuguð í Stykkishólmi þar sem fyrirhugað er að halda mynda og fræðslukvöld í haust.

Æskulýðsnefnd Snæfellinga skipa

Ingibjörg Sigurðardóttir Grundarfirði formaður, Ásdís Sigurðardóttir Eiðhúsum, Anna Dóra Markúsdóttir Bergi, Ólafur Tryggvason Grundarfirði og Edda Sóley Kristmannsdóttir Stykkishólmi.

## UPPLÝSINGAFLÆÐI

Í hraða nútímans eru samkiptamál öll orðin nokkuð flókin en til þess að Snæfellingur geti komið upplýsingum á framfæri við félagsmenn sína fljótt og vel er tölvupóstur líklega fljótlegasta leiðin. Um 90% landsmanna hafa nú aðgang að tölvu svo þeir félagsmenn sem eru með tölvupóstfang vinsamlegast sendið tölvupóstfang ykkar á [snaefellingur@gmail.com](mailto:snaefellingur@gmail.com) en Marteinn Njálsson varamaður í stjórn Snæfellinga hefur tekið að sér að halda utan um félagaskrá og tölvupóstföng. Snæfellingur er aðili að HSH og mun auk þess að nota netfangalistann, nota heimasíðu Héraðsambandsins <http://hsh.is> til að koma fréttum af viðburðum sem og öðrum upplýsingum á framfæri. Hægt er að komast beint inn á Snæfellingssíðuna með [www.snaefellingur.net](http://www.snaefellingur.net) Fréttabréf eins og þetta verður síðan sent út endrum og sinnum eftir því sem tími vinnst til.

## SJÁLFBODASTARF

Í nútímasamfélagi er eins og tími sjálfbodaliðastarfs sé að líða undir lok. Við viljum þó ekki alveg gefast upp og óskum eftir sjálfbodaliðum við störf jafnt á mótum sem og við ýmsa vinnu á Kaldármelum. Þeir Marteinn Njálsson og Gunnar Tryggvason hafa tekið skurk í húsunum á Kaldármelum að undanfögnu. Þeir sem vilja leggja fram starfskrafta sína eru beðnir um að hafa samband við einhvern stjórnarmanna aðal sem vara, hvort sem er í síma eða tölvupósti. Tölvupóstföng stjórnarmanna eru:

Gunnar K.: [hrannarb@simnet.is](mailto:hrannarb@simnet.is)

Gunnar Tryggva: [brimilsvellir@isl.is](mailto:brimilsvellir@isl.is)

Gunnar: [Sturlu.gunnar@logos.is](mailto:Sturlu.gunnar@logos.is)

Sigríður: [sssol@simnet.is](mailto:sssol@simnet.is)

Kristján: [dodds@simnet.is](mailto:dodds@simnet.is)

Marteinn: [sudurbar@sveit.is](mailto:sudurbar@sveit.is)

## REIÐHALLAR- MÁL

Undirritaður hefur verið samningur við Landbúnaðarráðuneytið um byggingu reiðhalla í Grundarfirði. Aðilar að samningnum auk ráðuneytisins eru Snæfellingur, Grundarfjarðarbær og Hesteigendafélag Grundarfjarða. Í samningnum eru ákvæði þess efnis að Grundarfjarðarbær og Snæfellingur skuli eiga amk. 51% í væntanlegu hlutafélagi um Byggingu og rekstur „Reiðhallarinnar“. Nú er unnið að stofnun hlutafélagsins en fjöldi tilboða liggur fyrir í sjálfa bygginguna. Meira í næsta fréttabréfi.





# Fyrsta flokks tamning

Hrisdalshestar bjóða upp á  
alhliða tamningu og þjálfun hrossa.

Tamningamenn eru *Siguroddur Pétursson*,  
félagi í FT, og *Ásdís Ó. Sigurðardóttir*.

Fullkomin og glæsileg aðstaða fyrir 24 hesta  
í nýju hesthúsi og reiðhöll.

Allar frekar upplýsingar veita  
*Siguroddur Pétursson* í síma 897 9392 og  
*Gunnar Sturluson* í síma 860 2337.



Hrisdalshestar sf.  
Eyja- og Miklaholtshreppi  
Snæfellsnesi  
hrisdalur@hrisdalur.is  
www.hrisdalur.is



Þú færð þýsku gæðaskeifurnar frá  
**KERCKHAERT**  
í Hrannarbúðinni sf. Grundarfirði.